

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í landi Hraðastaða I og breytingar á deiliskipulagi í Reykjadal, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 23. ágúst 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir tvær lóðir í landi Hraðastaða I, Mosfellsdal. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir aðkomu að lóðunum, sem hvor um sig er um 1 ha, um nýjan botnlanga austur úr Hraðastaðavegi rétt norðan gatnamóta við Helgadalssveg. Heimilt er að reisa eitt íbúðarhús á hvorri lóð ásamt bílskúr og landbúnaðarbyggingum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Ennfremur hefur bæjarstjórn Mosfellsbæjar í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt eftirtaldar 2 breytingar á deiliskipulagi frá Reykjadaluravegi að Húsadal:

#### *Reykjahvoll 1.*

Breyting felst í því að aðkoma að lóðinni færist frá norðvesturlóðarmörkum á suðaustur-lóðarmörk og verður þar frá vegi sem þjónar einnig Suður-Reykjum, Efri- og Efstu-Reykjum. Jafnframt breytist ákvæði um hámarkshæð húss á lóðinni.

Samþykkt í bæjarstjórn 21. september 2006.

#### *Reykjamelur 9 og 9a.*

Skipulagsbreytingin felst í færslu á lóðarmörkum milli Reykjamel 9 og 9a til vesturs, breytingu á byggingarreit á síðarnefndu lóðinni til samræmis við færslu lóðarmarkanna, stækkun byggingarreits á Reykjamel 9 og breytingum á ákvæðum um hámarksstærð húsa.

Samþykkt í bæjarstjórn 9. ágúst 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi. Mosfellsbær hefur lýst því yfir að hann taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þeirra.

*F.h. Mosfellsbæjar, 24. október 2006,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2006